

Listapósturinn

Brot úr aldaannál

Þessa dagana er Litli leikklúbburinn á Ísafirði að hefja æfingar á verki eftir Bödvar Guðmundsson og hefur það hlotið nafnið Brot úr aldaannál. Þetta er að minnsta kosti vinnuheit eins og það er kallað á stofnanamáli.

Bödvar var ekki einkarmargorður um stykkið, sem hann skrifaði sérstaklega fyrir klúbbinn, en aðspurður kvaðst hann styðjast við gamalt mál að austan og sem gerðist upp úr móðuharðindunum, nánar tiltekið 1784 til 1786. Menn tóku þá til bragðs að leggjast út til að framfleyta lífi

sinu, en voru gómaðir. Með því ekkert tugthús var á staðnum voru menn þessir í reynd urðaðir, voru settir í einhvers konar byrgi úti í haga og hafðir þar vetrarlangt og án nokkurrar upphitunar. Komu þeir ekki frá sér saur né öðrum úrgangi og var réttur matur inn um lúgu. Það kom svo ekki í ljós fyrir en um vorði að aðeins einn lifði; hann hafði drepið tvo féлага sína og etið síðan þeirra skammt.

Bödvar var spurður hvað honum gengi til með þessu verki.

Nýtt verk eftir Bödvar Guðmundsson sýnt á Ísafirði

„Ég er meðal annars að sýna fram á vald og valdleysi og hversu grátt er hægt að leika fólk með valdnöslu og valdbeitingu. Við notum valdið til að loka menn inni og gerum það í stórum stíl, enda þótt við vitum, að enginn kemur bætari úr refsivistinni.“

Kári Halldórsson leikstýrir verkinu og sér um sviðsmynd og eru æfingar að hefjast þessa dagana.

Kvikmyndafélög landsins eru nú sem óðast að búa sig undir sumarvertíðina. Bæði Norðan átta og Hugmynd h/f, í samvinnu við Saga film, eru komin á lokastig í undirbúningi undir kvikmyndatöku sumarsins.

Efnið er í báðum tilfellum sótt í nútímann, og undirbúningur að töku fleiri mynda er í gangi.

— Verkið gerist í nútímanum og efnisútdráttur og kostnaðarætlun liggja þegar fyrir. Myndin verður tekin í sumar; ekki verður akveðið nánar hvenær verður hafist handa fyrir en höfundur handritsins, sem er Þráinn Bertelsson, hefur að fullu lokið við það, en hann er að leggja síðustu hönd á verkið þessa dagana.

á margslunginn og óvæntan hátt tengist fortíð þessa unga fólks og hefur varanleg áhrif á framtíð þess og áform, er það eina sem Björn Björnsson, einn þeirra Hugmyndarmanna, vill segja um myndina.

Höfundar handritsins eru þeir Egill Eðvarðsson, Snorri Þórisson og Björn. Egill er nú í þriggja vikna frí erlendis og vinnur við að setja saman vinnuhandrit. Því á að vera lokið fyrir miðjan mars, en áætlað er að undirbúningsfrankvæmdir hefjist strax eftir páska. Þá verða m.a. valdir töku-staðir og fólk í hlutverk. Tökur eiga síðan að hefjast 20. maí og ljúka um mánaðamótin júní/júlí. Hún verður síðan ekki klippt né hljóðsett fyrir en í janúar á næsta ári, vegna anna þeirra Hugmyndarmanna við auglýsingagerð. En ætlunin er að Húsið verði frumsýnt um páska 1983.

Mestur hluti myndarinnar verður tekinn innanhúss, í íbúð

Verandi ÞAR

Bíóhöllin — Fram í sviðsljósið (Being There). Bandarísk Argerð 1981. Handrit: Jerzy Kosinski, eftir eigin skáldsögu.



Kvikmyndir

eftir Guðjón Arngrímsson

Aðalhlutverk: Peter Sellers, Melvyn Douglas, Shirley MacLaine, Jack Warden. Leikstjóri: Hal Ashby.

Hugmyndin á bak við þessa fyrstu mynd Bíóhallarinnar er fjárlífið. Spurt er: Hvað haldið þið að verði um mann sem hefur allt sitt vit úr sjónvarpinu, sem þekkir engan heim nema þann sem sjónvarpið sýnir? Og svarið er gefið í myndinni:

Hann verður þjóðhöfðingi, eða eitthvað þaðan af meira.

Jerzy Kosinski, höfundur myndarinnar, sér Ameríku með gestsaugum. Ef marka má þetta verk hans hefur hann aðallega tekið eftir tvennu.

Annarsvegjar yfirborðsmennsku í stjórnsýslu og hinsvegjar hinu óhemjumikla sjónvarpsglápi fólks. Í bók sinni tengir hann þetta tvennt saman á makalausan hátt, svo úr verður heldur nöpur aðeila. Sögd er saga einfeltnings sem búið hefur innandyra allt sitt líf og þekkir ekkert nema garðyrkju og sjónvarp, þegar örlögin gripa í taumana og senda hann út í

lífið. Upp frá því er hann mis-skilinn gjörsamlega. Barnalegar og fánlegar athugasemdir hans um garðyrkju eru teknar sem mikil speki, hann er ferskur andblær á stjórnmála-himninum: Maðurinn sem allir hafa alltaf beðið eftir

Bók Kosinski um garðyrkju-manninn Chance (tilviljun) varð metsölubók, hefur verið þýdd á íslensku og kvikmyndin er ákaflega trú andá hennar. Myndin rennur áfram átakalítið og yfir henni er andblær angurværðar sem alltaf jaðrar við fánleikann. Leikurinn er vandaður og aðalhlutverkið skapað fyrir Peter Sellers sem lék einfeltningsbetur en nokkur annar. Þrátt fyrir að mér finnst (eftir að hafa lesið bókina) að þessi ágæta hugmynd Kosinski sé svolítið teygð á langinn í myndinni, er Fram í sviðsljósið heppnuð mynd. Afskaplega þörf áminning til sjónvarpsglápara.

Flísinn og bjálkinn

Eins og mörg önnur félagasamtök gefur Bláamannafélag Íslands út félagstíðindi. Þar eru birtir kauptaxtar, félagatal og aðrar fréttir af málefnum stéttarinnar. En auk þess birtast þar



Fjölmiðlun

eftir Pósi Haraldsson

af og til úrskurðir Síðareglunefndar félagsins.

Í síðasta tölublaði félagstíðinda sem dreift var í næstlíðinni viku bregður svo við að Atli Rúnar Halldórsson, fyrrverandi blaðamaður á Dagblaðinu sáluga, skrifar nefndinni bréf frá Noregi og biður hana um skýr-

ingar á úrskurði í kærumáli Haraldar Blöndals á hendur honum.

Forsagan er í stuttu máli sú að Atli Rúnar skrifaði í fyrravor útvarpsgagnrýni í DB þar

sem hann tók til umfjöllunar þátt Haraldar í Morgunpósti. Haraldur líkaði ekki umsögnin og kærði til Síðareglunefndar. Nefndin veitti Atla Rúnari ákúru fyrir að brjóta í bága við 2. greinsíðareglu blaðamanna en þar stendur að þeir skuli „svo sem kostur er sýna tillitssemi í

úrvinnslu og framsetningu“.

Ég ætla ekki að tíunda frekar sjálf deiluefnið, en í svari Síðareglunefndar við bréfi Atla Rúnars er eitt atriði sem mig langar að gera athugasemd við.

Atli Rúnar bendir réttilega á í bréfi sínu að í umræddri grein hafi hann brugðið sér í hlutverk útvarpshlustanda sem skrifar gagnrýni undir nafni. Er hann á því að slík skrif beri að meðhöndla öðruvísi en fréttaskrif eða almenna blaðamennsku.

Þessu er ég sammála, en ekki nefndin. Hún segir „að starfandi blaðamaður geti ekki borið kápuna á báðum öxlum, eftir því hvort hann skrifar fréttir eða lætur í ljós álit frá eigin brjósti“.

Hér finnst mér nefndin fara út fyrir verksvið sitt. Hennar hlutverk er að gæta þess að við blaðamenn komum ekki óörði á stéttina og virðum almenna háttsemi í stórfum okkar. Hún á

Stöðug framþróun

Um síðustu helgi opnaði Steinunn Þórarinsdóttir höggmyndasýningu á Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hún 11 höggmyndir úr brenndum leir, gipsi og öðrum efnum. Þetta er önnur einkasýning Steinunnar, en hún

(Galleri Suðurgötu 7) sýndi Steinunn mjög persónulegar höggmyndir, þar sem hún dró fram einmanaleik og einangrun nútímamannsins, með keramikbrjóstmyndum alls konar. Hér er myndmálið orðið knappar



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

hefur einnig tekið þátt í sam-sýningum, hér heima og erlendis. Nám stundaði hún á listaskólum í Portsmouth, Englandi, 1974-79 og Bologna, Ítalíu, 1979-80.

A fyrri einkasýningu sinni

og einfaldara að mörgu leyti, stillinn öruggari og fágæðri. Leirinn er ljós eða dökkur, glerjunglaus og verður áferðarríkur og fallegur við brennsluna, en um líti er ekki að ræða.

Yfir sýningunni ríkir einhverj einkennilegur blær, jafnvel draugalegur. Litleysið magnar upp draumkenna stemningu (en sagt er að menn dreymi ekki í litum). Fyrir miðju í salnum hangir verkið „Draumur“ (nr. 11), hvítt, í þremur hlutum, úr gipsi og lérefti. Umhverfis standa svo eða hanga aðrar myndir.

Steinunn gerir sér nú mun betur grein fyrir ólíkri virkni hinna ýmsu þátta höggmynda-gerðar. „Samband I og II“ (nr. 9 og 10) eru dæmi um hugmyndaríka notkun Steinunnar á lágmyndinni. Fyrri myndin er í þremur hlutum og sú síðari í tveimur. Yfir þeim hvílir einhverj myndsguleg stemning; ein myndin verður ekki útskýrd öðru vísi en í sambandi við hin- ar. Brjóstmynd sem ber nafnið „Hún“ (nr. 4), er jafnvel einhverj sterkasta og einfaldasta mynd sýningarinnar. Hvergi nær Steinunn að samræma eins vel tvö efni, brenndan leir og gler, þannig að þau haldi hvort fyrir sig fullu sjálfstæði og styrk.



Með þessari sýningu sannar því Steinunn stöðuga þróun fram til kröftugri og hárbeyttari verka, segir Halldór Björn Runólfsson um sýningu Steinunnar Þórarinsdóttur á Kjarvalsstöðum.

Speglar og gler skipa allstór- an sess ásamt leirnum. Steinunn notar spegla til að fjölga figúrum sínum, líkt og í verkinu „Skuggar“ (nr. 3), eða skipta í tvennt öðrum („Persóna I“, nr. 7). Glerið er hjúpur eða gríma, til að hylja („Það“, nr. 2).

Eins og ég gat um áður, þá eru verk Steinunnar hreinni og

Hlutverk ungu hjónanna verða lang stærstu hlutverkin í myndinni, og hefur þegar verið ráðin ung leikkona í annað þeirra, en ráðning karlleikarans stendur fyrir dyrum. Þau eru bæði atvinnuleikarar, en atvinnuleikarar verða í öllum öðrum meiriháttar hlutverkum myndarinnar. Auk þess munu koma fram áhugaleikarar, og nokkrir hljómlistarmenn munu „leika sjálfa sig“ í nokkrum tónlistaratriðum.

ÞG

Kvikmyndafélagin komin í fullan gang:

Tvö íslensk nútímaverk kvikmyndað í sumar

Bjarna, sem 50 þúsund manns hafa séð á tveimur mánuðum.

Nú vantar bara 20 þúsund manns til að myndin gangi endanlega upp, en við erum komnir í samband við erlenda aðila sem hafa áhuga á að kaupa myndina, svo við erum hjart-sýnir. Bæði Þjóðverjar og Svíar hafa sýnt henni áhuga, og það er líka möguleiki á að myndin verði seld til sýningar í kapalsjónvarpi í Bandaríkjunum. Auk þess stefnum við á sjónvarpsmynda-hátíðina í Cannes í apríllök, segir Helgi.

Aður hefur frést að Norðan átta hafi hug á að gera kvikmynd um Sölva Helgason. Helgi Gestsson segir, að þeirri hugmynd hafi alls ekki verið varpað fyrir róða.

Sölvi Helgason er verkefni sem við ætlum að vinna að, en Norðan átta hefur ekki enn bol-magn til að láta vinna kvik-myndahandrit að þeirri mynd. Það er nefnilega meira verk en sýnist í fyrstu, m.a. vegna þess að mikil gagnasöfnun þarf að fara fram, segir Helgi Gestsson.

Húsið

Mynd Hugmyndar, sem hefur hlotið vinnuheit Húsið og Saga film verður framleiðandi að, gerist í Reykjavík nútímans og segir frá hversdagslegum atburðum, lífi og tilfinningum ungs fólks.

— Ungt fólk kemur sér fyrir í gömlu húsi. Húsið á sér sögu sem